

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ákall til ríkisstjórnar Íslands
vegna alvarlegs ástands í heilbrigðiskerfinu

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ), haldinn í Kópavogi 14. október 2022, ákallar ríkisstjórn Íslands vegna ríkjandi neyðarástands í heilbrigðiskerfinu.

Aðgerðarleysi stjórnvalda, þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir, stefnir heilsu þjóðarinnar í hættu. Núverandi ástand er óboðlegt og hættulegt. LÍ krefst þess að tafarlaust verði ráðist í aðgerðir á margumræddum vanda, til þess að tryggja bestu mögulegu heilsu og öryggi sjúklinga, persónuvernd þeirra og mannlega reisn.

Eins og ávallt lýsir LÍ sig reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um aðgerðir til lausnar á vandanum.